



HAFNARFJÖRÐUR AÐALSKIPULAG HAFNARFJARÐAR

FYRIR



Aðalskipulag Hafnarfjarðar 2013-2025, KRÝSUVÍK, Upplýrting 2 Staðfest af Skipulagsstofnun 10.07.2014 Mkv.: 1:15.000

EFTIR



Aðalskipulag Hafnarfjarðar 2013-2025, KRÝSUVÍK, Upplýrting 2 Eftir breytingu Mkv.: 1:15.000

GREINAGERÐ

FORSENDUR:

Skipulagsáætlanir og aðrar áætlanir

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkti þann 26. febrúar 2025 að hefja vinnu við breytingu á Aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025 og gerð deiliskipulags vegna rannsóknarborunar í Krýsuvík í Hafnarfirði. Tíllaga að aðalskipulagsbreytingu byggir á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025, sem staðfest var með auglýsingu í B-deld Stjórnartíðinda 18. maí 2007 m.s.b., samþykkt rammaáætlun dags. 15. júní 2022. Í samræmi við 1. mgr. 7. gr. um verndar- og nýtingaráætlun (rammaáætlun), skulu sveitarfélög samræma gildandi aðalskipulag og deiliskipulag verndar- og orkunýtingaráætlun innan fjögurra ára frá samþykkt hennar. Auk þess byggir tillagan á þeim umsögnum sem bárust við vinnslutíðlu og skýrslu forsætisráðuneytisins um Uppbyggingu innviða, aðgerðir vegna fávíðris og önnur innviðaupbygging. Til þess að áform gangi eftir er nauðsynlegt að breyta aðalskipulagi í Hafnarfirði og vinna deiliskipulag fyrir borteig og vegtingingu að honum. Samhlöða aðalskipulagsbreytingu er kynnt nýtt deiliskipulag og ákvörðun Skipulagsstofnunar, dags. 13.11.2025, um að rannsóknarboranirnar séu ekki matsskyldar.

Staðhættir

Fyrirhuguð rannsóknarborhola er staðsett við Krýsuvíkurveg vestan af syðri enda Kleifarvatns. Borplaníð er innan sveitarfélagsmarka Hafnarfjarðar, sunnan við sveitarfélagsmörk Grindavíkur.

Reykjanesfólkvangur

Krýsuvík, og þar með skipulagsvæðið, er hluti af fólkvangi á Reykjanesi. Í reglum um fólkvanginn, str. Stj.Ít.ö. B, nr. 520/1975, segir m.a.:

„Allt jarðrask er bannað innan fólkvangsins nema leyfi Umhverfisstofnunar komi til. Undanskilin er hagnýting jarðhita, t.d. í Krýsuvík, og mannvirkjagerð í því sambandi.“

Breyting á aðalskipulagi fellur að reglum fólkvangsins. Ef og þegar að því kemur að taka ákvörðun um orkunvinnslu í Krýsuvík verður hún tekin í kjölfar samráðs við Reykjanesfólkvang og hagaðla á svæðinu.

Rammaáætlun

Skipulagsvæðið er innan svæðis sem skilgreint er sem Austurengjar í rammaáætlun, en Alþingi flokkaði þær í orkunýtingarflokk 15. júní 2022¹. Innan Krýsuvíkur eru svæðin Austurengjar og Sveifluháls í nýtingarflokki rammaáætlunar. Rétt er að geta þess að heili svæða eru ekki rétt m.v. örnefni og staðhætti. Engu að síður er afmörkun svæðanna í rammaáætlun bindandi fyrir aðalskipulag Hafnarfjarðar.

Afmörkun

Skipulagsvæðið afmarkast af reit iðnaðarsvæðis I12 og tengingu þess við Krýsuvíkurveg (42). Aðliggjandi landnotkun er skilgreind sem öbyggt svæði í aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025. Övissa er til staðar um sveitarfélagsmörk Hafnarfjarðarbæjar og Grindavíkur í Krýsuvík.

¹ Þingsályktun nr. 24/152.

Nýtt iðnaðarsvæði

Nýtt iðnaðarsvæði, I12 Krýsuvík, 4 ha að stærð.

Land-notkun	Nr	Stærð [ha]	Lýsing	Skipulagsákvæði
I	12	4	Rannsóknarsvæði í Krýsuvík, í samræmi við rammaáætlun. Aðkomu frá Krýsuvíkurvegi (42).	Bygga má borteig fyrir þrjú borstæði. Stærð leigs má vera allt að 10.200 m ² . Heimild er fyrir rannsóknarborun. Ef rannsóknarboranir sýna að svæðið falli vel að áformum um orkunvinnslu skal, áður en tekin er ákvörðun um orkunvinnslu, fara fram samráð m.a. við Náttúruverndastofnun, Grindavík og Garðabæ í tengslum við Reykjanesfólkvang og aðra hagaðla í Krýsuvík, m.a. um mögulegt umfang, staðsetningu mannvirkja og mótvægisáætlunar. Meðhöndlanir á borsvarfi og skólvatni skal fara fram við borteig. Heimilt er að sækja vatn á reit I12 og til vara er heimilt að sækja vatn úr Kleifarvatni, með tímabundinni vatnslögn. Leiðbeinandi lega vatnslagnar er frá Kleifarvatni að Krýsuvíkurvegi, í landi Grindavíkur, þaðan meðfram Krýsuvíkurvegi að iðnaðarsvæði í landi Hafnarfjarðar. Háða skal raski í lágmarki. Ákvörðun Skipulagsstofnunar, dags. 13.11.2025, er að rannsóknarborhokur KR-11 og KR-12 séu ekki matsskyldar skv. lögum nr. 111/2021 um umhverfismat. Sækja þarf um framkvæmdaleyfi fyrir borholun, gerð borteigs og aðkomuvegi. Sækja þarf um starfsleyfi fyrir borun.

Kaflí 2.2.19 Varúðarsvæði

Varúðarsvæði VA2 verði fellt niður, þar sem svæðið er nú skilgreint í nýtingarflokki rammaáætlunar.

Fyrir breytingu

Í ljósi ofangreinds þykir ekki ástæða til að merka sérstaklega nein svæði sem varúðarsvæði á landnotkunuppdrætti aðalskipulags annað en þynningarsvæði álversins (VA1) og Austurengjar í Krýsuvík, sem er háhitasvæði í bioflokki rammaáætlunar, vernd og nýting (VA2).

Merking	Heiti	Stærð [ha]	Lýsing
VA2	Austurengjar í Krýsuvík	13	Háhitasvæði í bioflokki rammaáætlunar.

Tafla 21. Yfirlit um varúðarsvæði

Eftir breytingu

Í ljósi ofangreinds þykir ekki ástæða til að merka sérstaklega svæði sem varúðarsvæði á landnotkunuppdrætti aðalskipulags annað en þynningarsvæði álversins (VA1). Breyting skipulagsuppdráttar tekur til upplýrta 2.

Aðrar breytingar á greinargerð

Í samræmi við rammaáætlun, samþykkt 15. júní 2022, eru bæði Austurengjar og Sveifluháls í orkunýtingarflokki. Samkvæmt lögum nr. 48/2011 um verndar- og orkunýtingaráætlun skulu sveitarfélög samræma gildandi aðalskipulagi við verndar- og orkunýtingaráætlun innan fjögurra ára frá samþykkt hennar. Í Aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025 kemur fram að Austurengjar séu í bioflokki og svæðið skilgreint sem varúðarsvæði. Við gildistöku breytingartíllögu fellur úr gildi allur texti um að Austurengjar séu í bioflokki og sem varúðarsvæði. Þar sem það á við breytit texti úr bioflokki í nýtingarflokk.

Kaflí 4.2.8 Orkunvinnsla

Breyting verður á málsgrein í greinargerð.

Fyrir breytingu

Hafnarfjörður hefur tekið ákvörðun um að halda óbreyttri landnotkun í Austurengjum sem er öbyggt svæði sem er hverfisverndað. Í hverfisverndar-ákvæðum kemur fram að mannvirkjagerð skuli haldin í lágmarki og engar framkvæmdir leyfðar sem spilla jarðmyndunum, gróðri og fuglalífi. Svæðið er að miklu leyti óraskað landsvæði en eitt af meginmarkmiðum aðalskipulagsins er að tryggja vernd þess sem er sérstakt í náttúruferi og sögu svæðisins og á það við um Austurengjar.

Eftir breytingu

Hafnarfjörður hefur tekið ákvörðun um að endurskoða landnotkun suðvestur af Kleifarvatni í samræmi við samþykktir verndar- og orkunýtingaráætlun. Fyrsti áfangi þess er að heimila jarðhitaborun, innan I12. Landnotkun þar sem skilgreint var varúðarsvæði (VA2) er áfram öbyggt svæði sem er hverfisverndað. Við framkvæmdir skal halda raski í lágmarki og jarðmyndunum, gróðri og fuglalífi. Frekari stefnumörkun fyrir Krýsuvík mun fara fram í endurskoðun aðalskipulags Hafnarfjarðar 2024-2040 og þegar niðurstöður úr rannsóknarborunum liggja fyrir.

Aðrar breytingar á upplýrtingu

Í samræmi við ábendingar Vegagerðarinnar er sýnt veghelgunarsvæði á Krýsuvíkurvegi (42) á upplýrtingu.

Formmínjar

Engar mínjar eru innan áhrifarsvæðis fyrirhugaðra framkvæmda á nýju iðnaðarsvæði í samræmi við umsögn Minjastofnunar, dags. 16.9.2025.

Hvers konar rökun, byggingarframkvæmdir eða aðrar framkvæmdir á friðhelguðu svæði umhverfis friðlýstar fornleifar og á fornleifunum sjálfum eru óheimilari áni leyfis Minjastofnunar Íslands. Ef áður óþekktar fornleifar finnast við framkvæmdir verða framkvæmdir stöðvaðar og fundurinn tilkynntur til Minjastofnunar Íslands samþan lögum nr. 80/2012 um menningarminjar.

UMHVERFISSKÝRSLA

Ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu

Djúpborun er háð lögum nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Eins og komið hefur fram eru framkvæmdir ekki matsskyldar skv. ákvörðun Skipulagsstofnunar.

Umhverfisáhrif

Á heildina litið er það niðurstaða mats að skipulagstillagan og framfylgd hennar muni ekki valda verulegum umhverfisáhrifum. Helstu áhrifaþættir framkvæmdarinnar eru jarðrask vegna lagningar borplans og vegslóða, hávaði við borun og afkastamælingu, notkun og losun skolvatns, forgun borsvarfs og tímabundin ónáði af völdum umferðar og framkvæmda á svæðinu. Eftirfarandi tafla gerir grein fyrir helstu áhrifum skipulagstillögunnar.

Vatnshlot

Rannsóknarboranir eru ekki taldar hafa áhrif á eðlisefnafræðilega eða efnafræðilega gæðabætti stöðuvatnshlotsins. Þannig verða ekki breytingar á þáttum eins og leiðni, súrefni, sjónþýpi eða næringarefnaástandi stöðuvatnsins og ekki verður losun á mengandi efnum eða efnaamböndum í vatnið. Drög að áhrifamat liggur fyrir í matskylduýfyrirspurn vegna rannsóknarborana. Áður en sótt er um leyfi fyrir framkvæmd skal skoða þörf á því að uppfæra áhrifamat á vatnshloti í samræmi við lög um sjóm vatnsmála nr. 36/2011.

Náttúruvá

Fyrirhugaðar rannsóknarboranir eru á svæði sem er til skoðunar í áhættumati Veðurstofu Íslands vegna eldgosa og annarrar jarðrænnar náttúruvá á Reykjaneskaga. Ekki liggja fyrir niðurstöður úr áhættumati enn sem komið er, en horft verður til þeirra við ákvarðanatöku um orkunvinnslu í Krýsuvík.

Mótvægisáætlun

Áhersla er lögð vandaðan frágang þar sem svæðið er innan Reykjanesfólkvangs og vegna gildi svæðis m.t.t. landslags, útivistar og ferðaþjónustu. Aðlaga þarf að borplan og vegslóða að landslagi og graða upp í samráði við Hafnarfjarðarbæ. Gæta þarf þess að meðhöndlun borsvarfs og skolvatns verði öll á borteigi.

Samantekt umhverfisáhrifa

Á heildina litið er það niðurstaða að breytingartíllaga aðalskipulags og framfylgd hennar muni ekki valda verulegum umhverfisáhrifum. Framkvæmdir sem heimilaðar eru með aðalskipulaginu eru ekki umfangsmiklar, eru tímabundnar og áhrifin að stórum hluta afturkræf. Framkvæmdsvæðið er hins vegar á svæði sem nýtur verndar og er vinsælt til útivistar. Helstu áhrif framkvæmdanna verða á landslag og ástand, landnotkun og verndargildi og ferðaþjónustu og útivist.


Umhverfisþáttur	Niðurstaða	Vægi áhrifa
Hljóðvist	Áhrif eru tímabundin og bundin við framkvæmdartíma (12–14 vikur). Áhrif koma helst fram við borplan og drögur hratt úr áhrifum með fjarlægð.	Överuleg til neikvæð
Gróður og fuglalíf	Vistgerðir verða fyrir raski hafa lagt verndargildi og eru útbreiddar hér á landi. Fuglalíf er fábreytt. Áhrif eru staðbundin og að hluta afturkræf.	Överuleg
Jarðmyndun	Engar mínjar sem njóta sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. náttúruverndarlaga er á framkvæmdasvæðinu.	Överuleg
Fornleifar	Borplaníð og vegur eru staðsett utan 100 m friðhelgi friðlýstra minja.	Överuleg
Vatnshlot	Vatnstaka við borun verður úr Kleifarvatni. Framkvæmd deiliskipulags er ekki talin hafa áhrif á eðlisefnafræðilega eða efnafræðilega gæðabætti stöðuvatnshlotsins. Þannig verða ekki breytingar á þáttum eins og leiðni, súrefni, sjónþýpi eða næringarefnaástandi stöðuvatnsins og ekki verður losun á mengandi efnum eða efnaamböndum í vatnið. Drög að áhrifamat liggur fyrir í matskylduýfyrirspurn vegna rannsóknarborana (september 2025).	Överuleg
Ástand og landslag	Framkvæmdir felur í sér rask og á framkvæmdartíma verða mannvirkja á svæði sem í dag einkennist lítið af mannvirkjum. Staðsetning borteigs hefur breyst lítillega til að draga enn frekar úr áhrifum á ástand. Áhrifin eru staðbundin og að hluta til afturkræf.	Överuleg til neikvæð
Landnotkun og verndargildi	Skipulagsvæðið er innan Reykjanesfólkvangs og er gert ráð fyrir jarðhitanytingu í reglum fólkvangsins. Áhrif vegna stakrar framkvæmdar, sem hefur överuleg áhrif á ástand, lífríki, jarðmyndun, fornleifar og er í samræmi við reglur fólkvangsins eru talin tímabundin neikvæð en eru ekki líkleg til að hafa áhrif á verndargildi fólkvangsins.	Neikvæð
Ferðaþjónusta og útivist	Tímabundin truflun verður á framkvæmdartíma vegna borunar og afkastamælingu. Ekki verður skerðing á aðgengi.	Överuleg til neikvæð

Breytingar á skipulagsgögnum eftir auglýsingu

• Skerpt er á heimildum á reit I12. Um er að ræða rannsóknarborun en ekki orkunvinnslu. Jafnframt er bætt við texta sem var um samráð ef áform verða um orkunvinnslu í Krýsuvík. Þá skal eiga samráð við Náttúruverndarstofnun, Grindavík og Garðabæ um áform innan Reykjanesfólkvangs, auk hagaðla í Krýsuvík.

• Vísað er til þess að möguleg vatnstaka úr Kleifarvatni er til vara, gert er ráð fyrir borun eftir vatni af borteigi. Gerð er grein fyrir legu tímabundinn vatnslagnar.

• Breytingardagsetning er á skipulagsgögnum



Aðalskipulag Hafnarfjarðar 2013-2025, KRÝSUVÍK, Upplýrting 2 Ekki í kvarða

Skýringar

- Tengivegur
- Iðnaðarsvæði
- Veghelgunarsvæði
- Öbyggt svæði
- Aftreyningar- og ferðamannasvæði
- Samfélagsþjónusta
- Hverfisvernd
- Varúðarsvæði
- Gönguleiðir
- Reiðleiðir
- Mörk skipulagsbreytinga

SAMÞYKKTIR

Aðalskipulagsbreyting þessi var auglýst samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og 5. gr. laga nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

Tíllaga var auglýst frá 9. janúar 2026

til 20. febrúar 2026 og var samþykkt

í bæjarstjórn Hafnarfjarðar þann 12. mars 2026

Valdimar Völsson
Bæjarstjóri Hafnarfjarðar

Aðalskipulagsbreyting þessi var staðfest af Skipulagsstofnun skv. 32. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

þann 7. mars

Ólafur Þorvaldursson
Stofnunarforseti

Auglýsing um gildistöku breytingarinnar var birt í

B-deld stjórnartíðinda þann 2026

Hnitakerfi: [ISN93] Bláðstærð: A2

VSÓ RÁDGGJÖF

Teikning: 23164_ASK_T_06 Dags. 22.12.2025

Skipulag: IAK Yfirfari: SGT

Breytingar: Apríl 2026

BREYTING Á AÐALSKIPULAGI HAFNARFJARÐAR 2013-2025

SVÆÐI: Krýsuvík

NÝTT IÐNAÐARSVÆÐI Í KRÝSUVÍK



UMHVERFIS- OG SKIPULAGSSVIÐ HAFNARFJARÐAR